

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 52, 24. maí 1962, fyrir Seðlabanka Íslands.

1. gr.

10. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Seðlarnir og allt það, er viðvíkur seðla-gerðinni, skal geymt í aðalpeningahirslu bankans, sbr. 79. gr., nema það sem falið er til öruggrar geymslu erlendis og í seðlageymslum á vegum Seðlabankans utan Reykjavíkur, sjá 14. gr.

2. gr.

14. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Til þess að stuðla að því, að fyrir hendi sé nægur forði seðla utan Reykjavíkur, er bankastjórninni heimilt, að höfðu samráði við bankaráð, að setja á stofn seðlageymslur í hverjum landshluta eða stærri byggðarlögum með samningi við banka eða sparisjóð. Skulu seðlarnir geymdir í sjálfstæðum traustum geymslum, sem byggðar skulu samkvæmt ströngum öryggis-kröfum. Lyklavöld skulu vera í höndum tveggja manna og skal annar vera trúnaðarmaður Seðlabankans valinn af bankastjórninni, en hinn forstöðumaður eða féhirðir viðkomandi banka eða sparisjóðs tilnefndur af stjórn stofnunarinnar með samþykki bankastjórnar Seðlabankans. Þessir aðilar skulu tilnefna varamenn og er útnefning þeirra einnig háð samþykki bankastjórnar Seðlabankans. Endurskoðandi bankaráðsins, ásamt forstöðumanni endurskoðunardeildar eða fulltrúa hans skulu a. m. k. einu sinni á ári kanna birgðir í seðlageymslum. Bankastjórn Seðla-
bankans setur nánari reglur um umgengi og notkun geymslnanna.

Seðlabankinn greiðir árlega þóknun til trúnaðarmanna við seðlageymslurnar. Annar rekstrarkostnaður og stofnkostnaður geymslnanna greiðist af viðkomandi banka eða sparisjóði.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 10, 29. mars 1961, um Seðla-
banka Íslands, með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

Viðskiptaráðuneytið 16. jan. 1979.

Svavar Gestsson.

Þórhallur Ásgeirsson.

REGLUGERÐ

um bótaskyld tjón hjá Viðlagatryggingu Íslands.

1. gr.

Viðlagatrygging bætir beint tjón af völdum neðangreindra orsaka, enda sé um að ræða tjónsatburð, er teljast vera náttúruhamfarir í almennum skilningi á því hug-
taki.

- a. Tjón af völdum eldgosa, s. s. þegar hraun eða öskufall veldur skemmdum eða eyðileggingu á tryggðum verðmætum.
- b. Tjón af völdum jarðskjálfta, er verður í þeim mæli, að hann veldur sprungum, hruni eða annarri eyðileggingu á tryggðum eignum, þar með talið tjón af elds-
voða, sem jarðskjálftinn hefur orsakað.